

# NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Hildur Edwald,  
skjalaritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. nóvember 2018

2018110018/42-1-3

TB

tb

## Tillaga til þingsályktunar um náttúrustofur

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og samgöngu nefnd Alþingis, dags. 8. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögur til þingsályktunar um náttúrustofur 29. mál.

Lagt er til að setja á fót starfshóp til að meta m.a. reynsluna af starfi náttúrustofa, verkefni þeirra svæðisbundið og samstarf og hvernig megi styrka samstarf náttúrustofa og stofnana ríkisins í þeim tilgangi að nýta fjármagn sem best m.a. í tengslum við vöktun á náttúru landsins og til að auka skilvirkni í náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun styður að framangreind tillaga til þingsályktunar nái fram að ganga. Stofnunin hefur lagt áherslu á að nýta eigi sem best þá fagbekkingu og fjármagn sem er í málaflokknum en það má m.a. gera með því að nýta þá möguleika sem felast staðsetningu og þekkingu náttúrustofa. Til þess að samvinna og samlegðaráhrif skili sér sem skildi þarf að tryggja ákveðna festu í öflun gagna, utanumhaldi og aðgengi að þeim auk birtingu þeirra.

Virðingarfyllst

  
Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeilda

